

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1995

Nr. 480

1228

6. september 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 4. gr. reglugerðarinnar:

Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. er orðist svo:

Hafi aðili sem gjaldskyldur er skv. 2. mgr. keypt áfengi í tollfrjálsri verslun hér á landi, ber honum einungis að greiða mismun áfengisgjalds skv. 14. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Við tollafgreiðslu samkvæmt þessari grein ber að framvísa kvittun sem sýnir að áfengið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 13. gr. reglugerðarinnar:

a) 2. tölul. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar:

Orðin „annarra en Friðhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli“ falla brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1995, um áfengisgjald, öðlast gildi nú þegar.

Fjármálaráðuneytið, 6. september 1995.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.